



Varðar: Austurbakki 2 - fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. mars 2024 var lögð fram fyrirspurn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., dags. 19. febrúar 2024, ásamt bréfi, ódags., um að setja upp stafrænt þjónustuskilti austan megin við Hörpu, á sama stað og núverandi skilti er staðsett.

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin Austurbakki 2 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu strandsvæði .

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag við Austurhöfn, tónlistarhús o.fl., samþykkt 18. maí 2006 með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir því að fá að setja upp stafrænt þjónustuskilti þar sem núverandi skilti er staðsett og í sömu stærð. Núverandi skilti stendur á borgarlandi, vestan gatnamóta Sæbrautar og við innkeyrslu í bílageymslu Hörpu. Í samþykkt um skilti í Reykjavík eru stafræn skilti skilgreind þannig: skjár eða flötur sem settur er saman úr smærri einingum (díóðum) sem gefa frá sér ljóma.

Skiltið er staðsett á skilgreindu strandsvæði ST7 Norðurströnd. Um strandsvæði segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð).“

Í gildi er samþykkt um skilti í Reykjavík maí 2020.

Þar segir m.a.:

Markmið:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Umhverfi og ásýnd borgarinnar: Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt er kveðið á um að skilti falli vel að umhverfinu.

Íbúar: Í reglum eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Íbúum skal einnig vera grenndarkynnt byggingarleyfi fyrir skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi.

Staðsetning: Staðsetning skilta skal metin eftir grenndaráhrifum. Til að mynda getur skilti verið staðsett á iðnaðarsvæði en haft áhrif á íbúðarsvæði vegna ljóma, stærðar o.s.frv. Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum. Heimilt er að staðsetja skilti innan lóðar, svo framar sem þau séu í samræmi við reglur sem hér koma fram og að undangenginni leyfisveitingu. Upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð.

Skipulag, útlit og hönnun: Skilti skulu ávallt vera í samræmi við gildandi skipulag. Í deiliskipulagi er heimilað að takmarka notkun skilta enn frekar eða veita rýmri heimildir en það sem reglur þessar kveða á um.

Um skilti á verndar, friðlýstum- og opnum svæðum (OP, St, Sn) segir „Upplýst og óupplýst upplýsinga- og fræðsluskilti á vegum Reykjavíkurborgar eru leyfð. Er þar átt við skilti sem sett er upp á útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir,

friðlýst svæði og fleira. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3m², nema að annað sé heimilað í skipulagi og skulu þau standa á borgarlandi.“

Samkvæmt 32. gr. í vegalögum nr. 80/2007 segir að byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línnum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Í umsögn frá skrifstofu samgöngustjóra segir:

Gatnamót Sæbrautar og Faxagötu eru töluvert flókin en vinstri beygjur eru þó varðar. Hins vegar er hægri beygja af Sæbraut til norðurs á Faxagötu á sama tíma og hjólandi á tvístefnu hjólastíg norðan Sæbrautar. Sá flötur sem snýr að gatnamótum Sæbrautar og Faxagötu hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi um gatnamótin, þegar horft er til nálægðar við þau og stærðar auglýsingaflatarins, en ekki er talið að aðrar hliðar hafi teljandi áhrif á umferðaröryggi.

Tekið er því neikvætt í stafrænt skilti á þeim hluta auglýsingaskiltisins sem snýr að gatnamótum Sæbrautar og Faxagötu en ekki gerðar athugasemdir við aðrar hliðar skiltisins sem fylgja samþykkt um skilti í Reykjavík.

Að auki var fengin umsögn frá Vegagerðinni en í henni segir:

Við Austurbakka 2 er gert ráð fyrir 14 m² skiltum, tvö hlið við hlið, og vísar í tvær áttir. Stafrænum skiltum fylgir oft hreyfing, texti, ljós og litir sem geta dregið athygli ökumanna af veginum og þannig skapað hættu. Vegagerðin metur skiltið vera til þess fallið að fanga athygli ökumanna sem aka eftir Reykjanesbrautinni og leggst því gegn uppsetningu þessara skilta.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir umræddu skilti en þar segir að „heimilt er að koma fyrir hógværrí lýsingu á skiltið. Ekki er heimilt að vera með flettiskilti, ljósaskilti né hreyfanleg skilti.“

Ekki er hægt að fallast á erindið þar sem að ekki er heimilt að vera með ljósaskilti á skipulagssvæðinu og vegna þess að stafrænt skilti mun hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi á svæðinu.

Niðurstaða

- gerð er skipulagsleg athugasemd við að núverandi dúkaskilti verði gert að stafrænu skilti á lóð við Austurbakka 2.

f.h. skipulagsfulltrúa,

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri

